

Akureyri 1. nóvember 2006

Umsögn um þingsályktunartillögu


Þskj. 4 – 4. mál

Umsagnaraðili: Ferðamálasetur Íslands

Ferðamálasetur Íslands tekur heilshugar undir þingsályktunartillögu þess efnis að friðland í Þjórsárverum verði stækkað. Er það mat okkar að svæðið sé afar mikilvægt fyrir ímynd Íslands sem náttúruvin og ber því að kappkosta verndun þess sem vistfræðilegrar heildar. Skráning á heimsminjaskrá UNESCO mundi undirstrika þá verndun með viðurkenndum alþjóðlegum staðli.

Þeir ferðamenn sem til Íslands koma segjast langflestir (um 80%) koma vegna náttúru landsins. Þó svo hinsvegar fæstir þeirra komist í Þjórsárver er svæðið engu að síður mikilvægt til að viðhalda hugmyndum ferðafólks að á Íslandi sé hreina og óspillta náttúra að finna. Með því að hafa Þjórsárver skráða á heimsminjaskrá er komin staðfesting á þeim hugmyndum sem Ferðamálasetur telur hafa ótvírætt gildi fyrir vöxt og viðgang ferðaþjónustu á Íslandi.

Fh. Ferðamálaseturs Íslands



Edward H. Huijbens

Forstöðumaður